

### Fundargerð skólanefndar 4.september 2007

Fundur haldinn í skólanefnd á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps þriðjudaginn 4.september 2007 kl. 17.00.

Fundur settur, mættir undirritaðir og fyrirtekið:

#### **1. Hvernig skólstarfið hefur farið af stað.**

Skólstarfið hefur farið hægt af stað. Jón Örn kennir stærðfræði á unglingastigi, Björn Theódórsson kem líka að kennslu og María Ragnarsdóttir kemur til með að sinna íslenskukennslu á móti Sveini Valgeirssyni. Þessir kennarar bætast við þá kennara sem fyrir eru. Stundataflan er þó enn sem komið er til bráðabirgða og umsjóna-kennarar eru ekki fyrir neinn bekk nema 1. og 2. bekk, enn sem komið er.

Ingólfur spyr líka hvort hægt sé að bjóða Braga Geir Gunnarssyni starf og þá jafnvel í formi deildarstjórastöðu m.a. vegna þess að Ingólfur sjálfur þarf að sinna kennslu meira en eðlilegt þykir miðað við að hann gegni líka stöðu skólustjóra G.T. Kennara vantar m.a. til að sinna íþróttakennslu og umsjón á unglingastigi. Skólanefnd samþykkir ekki að bætt sé við deildarstjórastöðu við skólann. Frekar mætti launa starfslíði skólans með greiðslum í formi bónusgreiðslna eða annars konar uppbótar.

Birna Ben spyr Ingólf að því hvort stúlka fædd árið 2002 sé komin inn í G.T. , það er rétt. Spurningin er sú hvort ekki sé best að búa til reglur um inngöngu 5 ára barna í G.T. þar sem nefndin er sammála um að ekki eigi að taka 5 ára börn inn í G.T.

Formaður Guðlaug spyr Ingólf um enskukennslu í 10.bekk hvort ekki verði notaðar kennslubækur. Ingólfur segir svo eiga að vera, en ætlar að skoða málið hjá viðkomandi kennara.

Ingólfur lagði fram tvær umsóknir til umfjöllunar önnur er frá Jörgínu E. Jónsdóttur og hin er frá Ágústu Ósk Guðnadóttur. Báðar umsóknirnar eru um stöðu leiðbeinanda við G.T. Þess má geta hér að engin formleg umsókn hefur borist frá Braga Geir Gunnarssyni. Guðlaug Björnsdóttir formaður vill að formleg umsókn komi frá Braga Geir Gunnarssyni og umfjöllun um þessar umsóknir verði tekin fyrir á morgun 5.sept. Þess má líka geta að Bragi Geir hafði komið að máli við Eyrúnu Sigþórsdóttir, varðandi kennslu og kjaramál við G.T.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 12.00

Elísabet Kjartansdóttir (sign)

Guðlaug S. Björnsdóttir (sign)

Ingólfur Kjartansson (sign)

Guðlaug Björgvinsdóttir (sign)

Birna Ben (sign)